

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2014

Efnisyfirlit

| | |
|------------------------------------------------------|----|
| Lög Ungmennafélagsins Tindastóls | 4 |
| Gildandi skuldbindingar | 7 |
| Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2014 | 8 |
| Skýrsla aðalstjórnar | 9 |
| Íþróttamaður Ársins | 10 |
| Áritun skoðunarmanna | 11 |
| Ársreikningur aðalstjórnar | 12 |
| Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar | 17 |
| Ársreikningur knattspyrnudeildar | 25 |
| Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar | 27 |
| Ársreikningur körfuknattleiksdeildar | 29 |
| Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar | 31 |
| Ársreikningur unglingaráðs körfuknattleiksdeildar | 32 |
| Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar | 34 |
| Ársreikningur frjálsíþróttadeildar | 36 |
| Skýrsla stjórnar sunddeildar | 38 |
| Ársreikningur sunddeildar | 40 |
| Skýrsla stjórnar skíðadeildar | 42 |
| Ársreikningur skíðadeildar | 44 |
| Skýrsla Almenningsdeildar - Bogfimi | 46 |
| Ársreikningur almenningsdeildar - bogfimi | 47 |
| Skýrsla Almenningsdeildar - Júdí | 48 |
| Ársreikningur almenningsdeildar - júdí | 49 |
| Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson | 50 |
| Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson | 51 |

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

1. grein. Heiti félagsins :

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll. Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni

2. grein. Tilgangur félagsins :

Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum.

Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.

Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturlyfja og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi.

Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna.

Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd.

Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndun og fegrun móðurmáls.

3. grein. Starfsaðferðir :

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annarri félagsmálastarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.

4. grein. Innganga og úrsögn :

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.

Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld :

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.

6. grein. Deildir :

Iðkendum hverrar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hverrar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár. Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaaðalfundur skal boðaður með sama hætti og reglulegan aðalfundur. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir :

Félagsfundur skal boðaður ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hverrar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boðaður til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundir :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátiðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2002.

Gildandi skuldbindingar

Hlutfallsskipting tekna

- Knattspyrnudeild 35%
- Körfuknattleiksdeild 35%
- Frjálsíþróttadeild 14%
- Skíðadeild 7%
- Sunddeild 7%
- Almenningsíþróttadeild 0%
- Aðalstjórn 2%

Aðalstjórn og deildir

- Styrkur frá Sparisjóð Skagafjarðar er í einum heildarsamningi við Aðalstjórn félagsins.

Deildir

- 75% af styrkjum Sparisjóðs Skagafjarðar (2.500.000 á ári) skulu fara í barna- og unglíngastarf.
- 75% af styrkjum Kaupfélags Skagfirðinga (4.200.000 á ári) skulu fara í barna- og unglíngastarf.
- Skilti sem Sparisjóður Skagafjarðar skaffar skal vera á íþróttaleikvangi, íþróttahúsi og á skíðasvæðinu í Tindastóli.
- Fáni sem Sparisjóðs Skagafjarðar skaffar skal vera sýnilegur þar sem við verður komið á íþróttaviðburðum.
- Merki Sparisjóðs Skagafjarðar skal vera á aðalsíðu www.tindastoll.is sem og á öllum deildarsíðum.
- Merki Sparisjóðs Skagafjarðar verði sett á keppnisbúninga og/eða utanyfirgalla yngri flokka Tindastóls eftir nánara samkomulagi við deildir.
- Auglýsing Sparisjóðs Skagafjarðar skal vera á dagatali Skíðadeildar.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2014

Lagt fram á aðalfundi félagsins 10. febrúar 2015.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 20. febrúar 2014:

Gunnar Þór Gestsson, formaður

Jón Daníel Jónsson, varaformaður

Magnús Helgason, gjaldkeri

Inga Huld Þórðardóttir, ritari

Bertína Guðrún Rodriguez, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Guðjón Örn Jóhannsson

Kristjana Jónsdóttir

Marteinn Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Geirmundsson

Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Rafrænt vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu geymir öll gögn um starfssemi félagsins, tölvupósta, skjöl, fundargerðir og bókhaldskerfi.

Hópanúmer Tindastóls hjá N1 er 414

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík

Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35, Sauðárkróki

Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls

Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki

Kennitala 650269-5949

Netfang: tindastoll@tindastoll.is

Heimasíða: tindastoll.is

Skýrsla aðalstjórnar

Aðalfundur UMF Tindastóls fyrir starfsárið 2013 var haldinn í Húsi frítímans þann 20. febrúar 2014. Aðalstjórn var endurkjörin og þakkar hún það traust sem henni er sýnt. Veitingar á fundinum voru í boði Sparisjóðs Skagafjarðar og af nógu var að taka.

Aftur á síðasta ári hækkaði styrkur Kaupfélags Skagfirðinga til Aðalstjórnar. Aðalstjórn er afar þakklát stjórnendum í KS fyrir þeirra lipurð og góðvild í garð félagsins. Eins og fram kemur í reikningum félagsins þá eru styrktaraðilar Aðalstjórnar auk KS; Sparisjóður Skagafjarðar og Fjölnet. Aðalstjórn vill færa þessum aðilum kærar þakkir fyrir þeirra framlag til reksturs félagsins.

Undanfarin ár hefur Sveitarfélagið Skagafjörður greitt styrki til íþróttafélaganna með milligöngu UMSS. Sveitarfélagið vill leggja áherslu á að fjármagnið fari eingöngu til barna- og unglíngastarfs. Aðalstjórn hefur brugðist við þessu og núna eiga deildir bein samskipti við UMSS og fá því greitt frá Sveitarfélaginu samkvæmt skýrslugjöf. Hlutur Aðalstjórnar í styrk Sveitarfélagsins er því enginn en á móti kemur að Aðalstjórn heldur öllum fjármunum sem koma í gegnum Lottó úthlutun UMSS og nýtir það fjármagn til rekstrar á skrifstofu og bifreiðum.

Um mitt árið keypti Aðalstjórn rútna sem Körfuknattleiksdeild hefur átt og rekið í fjölda ára. Einnig samdi Aðalstjórn við Skúla Jónsson um rekstur á rútnunum. Rúturnar eru núna geymdar við Víðgrundina, ýmist við blokkina sem Skúli býr í eða við skrifstofu félagsins. Skúli sér um bókanir, afhendingu, móttöku og þrif á rútnunum. Auk þess hefur Skúli einnig tekið að sér akstur á nýju rútnunni sem gerir kröfu um rútnupróf bílstjóra. Það sem Aðalstjórn finnur helst að er umgengnin í rútnunum er á köflum ábótavant, bæði frá börnum og fullorðnum. Auk þess sem deildir greiða kílómetragjald er sendur sérstakur reikningur fyrir þrifum ef þess þykir þörf.

Með hliðsjón af fyrsta rekstrarári var ljóst að hækka þurfti kílómetragjaldið fyrir rúturnar og það var gert frá og með áramótunum 2014/2015. Kílómetragjaldið er núna 40 krónur á báðum rútnunum. Upp hafa komið hugmyndir um að félagið þurfi stærri rútu í stað þeirrar nýju og ljóst er að ný Aðalstjórn fær það verkefni til að glíma við.

Advania hefur afhent félaginu uppkast af nýrri heimasíðu. Aðalstjórn sendi óskir á deildir um að útvega efni á nýja heimasíðu en undirtektirnar voru dræmar. Að öllum líkindum þarf að taka þetta mál fastari höndum á nýju ári þar sem flestir eru sammála því að betri heimasíða væri félaginu til sóma. Vefumsjónarkerfið sem Advania afhendir dugar vel til að hýsa margar vefsíður og UMSS hefur nú þegar lýst áhuga sínum á að nýta einnig þetta kerfi.

Formaður UMF Tindastóls afhenti Kristjönu Jónsdóttur starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins þann. Kristjana hefur unnið með stjórn og ráðum Knattspyrnudeildar og núna síðustu árin tekið þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu deildarinnar af festu.

Með ungmennafélagskveðju,

Gunnar Þór Gestsson

Formaður UMF Tindastóls

Íþróttamaður Ársins

Tilnefningar til Íþróttamanns Tindastóls 2014:

Bríet Lilja Sigurðardóttir (körfuknattleikur).

Guðrún Jenný Ágústsdóttir (knattspyrna).

Jóhann Björn Sigurbjörnsson (frjálsíþróttir).

Loftur Páll Eiríksson (knattspyrna).

María Finnbogadóttir (skíði).

Pétur Rúnar Birgisson (körfuknattleikur).

Rannveig Sigrún Stefánsdóttir (sund).

Þórunn Ósk Sigurjónsdóttir (frjálsíþróttir).

Val á íþróttamanni ársins fór fram í Húsi frítímans þann 27. desember 2014 í samvinnu við UMSS.



Úr þessum vaska hópi var Jóhann Björn Sigurbjörnsson, spretthlauparinn snjalli, valinn Íþróttamaður Tindastóls 2014.

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2014 og gerum engar athugasemdir. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2014 og efnahagsreikningi 31. desember 2014. Við teljum að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2014 og efnahag í árslok 2014.

Sauðárkróki 8. apríl 2015

Hjörtur Geirmundsson

Gunnar Þór Sveinsson

Ársreikningur aðalstjórnar Rekstrarreikningur ársins 2014

| | | 2014 | 2013 |
|---------------------------------------|---|-------------------|-------------------|
| Tekjur: | | | |
| Fjáröflun: | | | |
| Lottó | | 1.370.834 | 1.253.144 |
| Félagsgjöld | | 215.000 | 750.000 |
| | | 1.585.834 | 2.003.144 |
| Styrkir: | | | |
| Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur | 1 | 21.903.600 | 20.280.000 |
| Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda | | 5.895.000 | 5.895.000 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | | 4.200.000 | 4.200.000 |
| Sparisjóður Skagafjarðar | | 2.500.000 | 2.500.000 |
| N1 hf. | | 62.072 | 2.042.791 |
| Fjölnet hf. | | 1.410.349 | 520.472 |
| Arion banki hf., Sauðárkróki | | 129.385 | 0 |
| | | 36.100.406 | 35.438.263 |
| Aðrar tekjur | | | |
| Tekjur af bifreiðum | 5 | 2.002.830 | 1.210.170 |
| Tekjur alls: | | 39.689.070 | 38.651.577 |
| Gjöld: | | | |
| Svf. Skagafjörður húsaleiga | 1 | 21.903.600 | 20.280.000 |
| Styrkir til deilda | 2 | 12.668.100 | 15.230.646 |
| Rekstur bifreiðar | 5 | 2.700.941 | 806.991 |
| Tölvukostnaður | | 1.572.501 | 651.951 |
| Húsaleiga Víðigrund 5 | | 305.076 | 332.902 |
| Félagsgjald UMSS | | 256.900 | 256.900 |
| Velferðarsjóður | | 0 | 250.000 |
| Pappír, ritföng, auglýsingar og sími | 4 | 184.416 | 147.764 |
| Stjórnunarkostnaður | 3 | 53.305 | 22.700 |
| Tryggingar | | 10.854 | 1.804 |
| Þjónustugjöld | 6 | 91.731 | 24.075 |
| Annar kostnaður | 7 | 55.679 | 205.696 |
| Gjöld alls | | 39.803.103 | 38.211.429 |
| Rekstrarhagnaður (-tap) | | -114.033 | 440.148 |
| Afskrift fastafjármuna | 8 | 2.652.657 | 2.515.157 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: | | | |
| Vaxtatekjur | | 74.340 | 41.288 |
| Vaxtagjöld | | -3.999 | -15.595 |
| | | 70.341 | 25.693 |
| Hagnaður (-tap) ársins | | -2.696.349 | -2.049.316 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| | | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|--------------------------------------|----|-------------------|-------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir: | | | |
| 5% eignarhluti í Bifröst (FM) | | 2.200.000 | 2.116.000 |
| Geymslukofi á íþróttavelli | 8 | 100.000 | 150.000 |
| Bifreið Mercedes Benz Sprinter TTR07 | 8 | 4.930.313 | 7.395.470 |
| Bifreið Mercedes Benz RK587 | 8 | 1.512.500 | 0 |
| | | 8.742.813 | 9.661.470 |
| Veltufjármunir: | | | |
| Sparisjóður Skagafjarðar nr. 140 | | 467.510 | 1.826.519 |
| Sparisjóður Skagafjarðar nr. 530140 | | 0 | 2.313 |
| Arion banki nr. 5763 | | 0 | 378 |
| Arion banki nr. 16366 | | 90.748 | 34.715 |
| Arion banki nr. 301601 | | 0 | 2.336 |
| | | 558.258 | 1.866.261 |
| Viðskiptakröfur | | | |
| Krafa á deildir | 9 | 1.969.119 | 3.216.065 |
| Viðskiptakröfur | 10 | 1.221.871 | 1.360.422 |
| | | 3.190.990 | 4.576.487 |
| Eignir samtals | | 12.492.061 | 16.104.218 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ógreiddir reikningar | 11 | 29.880 | 15.334 |
| Skuld við deildir | 12 | 32.617 | 1.046.971 |
| | | 62.497 | 1.062.305 |
| Skuldir samtals | | 62.497 | 1.062.305 |
| Eigið fé: | | | |
| Eigið fé frá fyrra ári | | 15.041.913 | 16.998.729 |
| Endurmat ársins | | 84.000 | 92.500 |
| Hagnaður (tap) ársins | | -2.696.349 | -2.049.316 |
| Eigið fé samtals | | 12.429.564 | 15.041.913 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 12.492.061 | 16.104.218 |

Skýringar

| | 2014 | 2013 |
|-------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| 1. Húsaleigustyrkur | | |
| Íþróttahúsið á Sauðárkróki..... | 12.856.800 | 12.360.000 |
| Íþróttavöllurinn á Sauðárkróki..... | 2.745.600 | 2.640.000 |
| Skíðasvæðið í Tindastól..... | 3.480.000 | 3.348.000 |
| Sundlaug Sauðárkróks..... | 2.010.000 | 1.932.000 |
| Íþróttahúsið í Varmahlíð..... | 811.200 | 0 |
| | 21.903.600 | 20.280.000 |
| 2. Styrkir til deilda | | |
| Almenningsíþróttadeild - júdó..... | 325.000 | 0 |
| Frjálsíþróttadeild..... | 1.763.300 | 2.161.664 |
| Knattspyrnudeild..... | 4.408.244 | 5.404.153 |
| Knattspyrnudeild, mfl. kv..... | 0 | 99.000 |
| Körfuknattleiksdeild..... | 4.408.244 | 5.404.153 |
| Skíðadeild | 881.656 | 1.080.838 |
| Sunddeild..... | 881.656 | 1.080.838 |
| | 12.668.100 | 15.230.646 |
| 3. Stjórnunarkostnaður | | |
| Formannafundur..... | 53.305 | 22.700 |
| | 53.305 | 22.700 |
| 4. Prentun, ritföng, auglýsingar og sími | | |
| Sími..... | 78.580 | 86.588 |
| Ritföng..... | 998 | 968 |
| Prentun..... | 81.131 | 49.248 |
| Auglýsingar..... | 23.707 | 10.960 |
| | 184.416 | 147.764 |
| 5. Rekstur bifreiða | | |
| TTR07 | | |
| Tekjur..... | 1.556.850 | 1.210.170 |
| Kostnaður..... | 1.783.541 | 806.991 |
| | -226.691 | 403.179 |
| RK587 | | |
| Tekjur..... | 438.540 | 0 |
| Kostnaður..... | 917.400 | 0 |
| | -478.860 | 0 |

6. Þjónustugjöld banka

| | | |
|----------------------------|---------------|---------------|
| Innheimtukröfur Arion..... | 83.730 | 19.730 |
| Seðil- og þjónustugj..... | 8.001 | 4.345 |
| | 91.731 | 24.075 |

7. Annar kostnaður

| | | |
|----------------------------------------------|---------------|----------------|
| Ofgreiddar lottótekjur 2012..... | 0 | 150.790 |
| Styrkur frá Arion banka v. Styrktarhlaups... | 25.000 | 25.000 |
| Flutningur á geymsluskúr..... | 0 | 23.531 |
| Rammar..... | 23.850 | 6.375 |
| Bikar..... | 5.000 | 0 |
| Annað..... | 1.829 | 0 |
| | 55.679 | 205.696 |

8. Afskriftir fastafjármuna

| | Bifreiðar | Geymslukofi |
|---------------------------|------------------|--------------------|
| Stofnverð 1/1..... | 12.325.784 | 250.000 |
| Afskrifað alls 1/1..... | -4.930.314 | -100.000 |
| Keypt á árinu..... | 1.650.000 | 0 |
| Afskrifað á árinu..... | -2.602.657 | -50.000 |
| Bókfært verð 31/12..... | 6.442.813 | 100.000 |
| Stofnverð alls 31/12..... | 13.975.784 | 250.000 |
| Afskrifað alls 31/12..... | -7.532.971 | -150.000 |
| Bókfært verð 31/12..... | 6.442.813 | 100.000 |

9. Krafa á deildir

| | | |
|-----------------------|------------------|------------------|
| Knattspyrnudeild..... | 1.969.119 | 3.216.065 |
| | 1.969.119 | 3.216.065 |

10. Viðskiptakröfur

| | | |
|------------------|------------------|------------------|
| Arion banki..... | 79.385 | 0 |
| N1 hf..... | 21.113 | 1.006.932 |
| UMSS..... | 1.121.373 | 353.490 |
| | 1.221.871 | 1.360.422 |

11. Ógreiddir reikningar

| | | |
|-----------------------------|---------------|---------------|
| Arion banki hf..... | 3.175 | 3.925 |
| Kaupfélag Skagfirðinga..... | 16.830 | 0 |
| Skipti hf..... | 9.875 | 11.409 |
| | 29.880 | 15.334 |

12. Skuld við deildir

| | | |
|---------------------------|---------------|------------------|
| Sunddeild..... | 0 | 24.744 |
| Frjálsíþróttadeild..... | 0 | 49.489 |
| Körfuknattleiksdeild..... | 32.617 | 947.994 |
| Skíðadeild..... | 0 | 24.744 |
| | <u>32.617</u> | <u>1.046.971</u> |

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Frá formanni.



Enn eitt árið er komið að uppgjöri. Þetta ár var nokkuð öðruvísi og margt sem er nauðsynlegt að staldra við. Það er nauðsynlegt að fá umræðu um fjármál knattspyrnudeildarinnar og varpa ljósi á það litla fjármagn sem við höfum úr að spila. Kröfurnar aukast sífellt en fjármagnið ekki af sama skapi. Lið m.fl. karla féll í 2. deild og í framhaldinu munu lykilmenn yfirgefa félagið. Þetta er bara eitthvað sem við stöndum frammi fyrir og ekki verður umflúið. M.fl. kvenna hélt sjó en hinsvegar er framtíðin björt þar og mikið að ungum knattspyrnukonum að koma upp.

Nauðsynlegt er að efla unglingsflokkana hjá strákunum og stokka eitthvað þar upp.

Það er sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að minnast á aðstöðuleysið. En það er bara hægt að segja hlutina alveg eins og þeir eru, við erum komin í þrot hvað aðstöðuna varðar. Við eru ekki samkeppnishæf og ef eitthvað verður ekki gert í okkar málum er leikurinn tapaður.

Áfram Tindastóll

Ómar Bragi Stefánsson

Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.

Stjórn knattspyrnudeildar:

| | |
|---------------|------------------------|
| Formaður | Ómar Bragi Stefánsson |
| Gjaldkeri | Ragna Hjartardóttir |
| Ritari | Einarína Einarsdóttir |
| V.formaður | Skúli V. Jónsson |
| Meðstjórnandi | Þórður Karl Gunnarsson |

Samstarfsaðilar:

Helstu samstarfsaðilar knattspyrnudeildarinnar á þessu ári voru: Kaupfélag Skagfirðinga, FISK, VÍS, Sparisjóður Skagafjarðar, Ólafshús, Steinull, Landsbankinn, Arion banki, Sveitarfélagið Skagafjörður, N1, Sauðárkróksbakarí, Olís, Vörumiðlun og Tengill.

Þessum aðilum eru færðar miklar þakkir fyrir aðkomu þeirra.

Meistaraflokkur karla, Tindastóll

C deildar meistarar 1992, 1999 og 2011

D deildar meistarar 2010

Besti árangur: 6 sæti í B deild 1988, 1989 og 2000

Bikarkeppni KSÍ: 8 liða úrslit 1988

Stærsti deildarsigur: 11-1 gegn Snæfelli í D deild 2006. 10-0 gegn Þrym í D deild 1995

Stærsta deildartap: 0-7 gegn ÍBV í D deild 1984



Liðið lék í 1. deild á þessu keppnistímabili en átti erfitt uppdráttar og hafnaði í neðsta sætinu og féll í 2.deild. Liðið náði einungis í 4 stig og vann ekki leik allt sumarið.

Þjálfarar: Bjarki Már Árnason og honum til aðstoðar Haukur Skúlason.

Undirbúningstímabilið hófst seinna en vanalega. Erfiðlega gekk að ráða þjálfara eftir brotthvarf Donna en að lokum var Bjarki Már Árnason ráðin í starfið. Hópurinn var eins og áður tvískiptur, á Sauðárkróki og á Reykjavíkursvæðinu. Mjög erfitt og nánast ógjörningur er vinna við slíkar aðstæður, ekki síst kostnaðarlega.

Liðið tók þátt í Lengjubikarnum og síðan var það bikarinn og Íslandsmótið.

Leikmenn m.fl. karla 2014

| | | |
|------------------------------|-----------|--------|
| Anton Ari Einarsson | 10 leikir | |
| Arnar Ólafsson | 5 leikir | |
| Arnar Skúli Atlason | 17 leikir | |
| Ágúst Friðjónsson | 6 leikir | |
| Árni Einar Adolfsson | 14 leikir | 1 mark |
| Ben J. Griffiths | 7 leikir | |
| Benjamín J. Gunnlaugarson | 21 leikur | 3 mörk |
| Bjarki Már Árnason | 17 leikir | 1 mark |
| Bjarni Smári Gíslason | 12 leikir | |
| Björn Anton Guðmundsson | 6 leikir | |
| Björn Metúsalem Aðalsteinss. | 1 leikur | |
| Fannar Freyr Gíslason | 19 leikir | 1 mark |
| Fannar Örn Kolbeinsson | 16 leikir | 2 mörk |
| Gísli Eyland Sveinsson | 4 leikir | |
| Guðni Þór Einarsson | 8 leikir | |
| Hólmar Daði Skúlason | 9 leikir | |
| Ingvi Hrannar Ómarsson | 10 leikir | |
| Ingvi Rafn Ingvason | 2 leikir | |
| Ívar Guðlaugur Jónsson | 13 leikir | |
| Jóse Figura | 14 leikir | |
| Kári Eiríksson | 17 leikir | |
| Konráð Freyr Sigurðsson | 7 leikir | |
| Konráð Þorleifsson | 1 leikur | |
| Kristinn Snjólfsson | 17 leikir | |
| Kristófer Már Tryggvason | 1 leikur | |
| Loftur Páll Eiríksson | 22 leikir | 2 mörk |
| Mark Magee | 14 leikir | 5 mörk |
| Óskar Smári Haraldsson | 12 leikir | |
| Pálmi Þórsson | 3 leikir | |
| Rodrigo Morin | 7 leikir | 1 mark |
| Terrance Willian Dieterich | 8 leikir | |

Meistaraflokkur kvenna, Tindastóll

Besti árangur: 3.-4 sæti í B deild 1995, 2002 og 2003

Bikarkeppni KSÍ: 16 liða úrslit 2010

Stærsti deildarsigur: 10-1 gegn Leiftri/Dalvík í B deild 2001 og 9-0 gegn Leikni F. í B deild 2008

Stærsta deildartap: 0-11 gegn ÍBV í B deild 2009



M.fl. kvenna lék í 1.deild (B deild) og hefur gert á undanförunum árum. Gengi liðsins í Íslandsmótinu var svona nokkuð eftir væntingum en vissulega hefði verið gaman að sjá liðið gera betri hluti. Hópurinn er hinsvegar nokkuð ungur að þar eru gríðarlega efnilegar stúlkur sem örugglega eiga eftir að láta til sín taka á næstu árum.

Þjálfarar: Guðjón Örn Jóhannsson og honum til aðstoðar var Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir

Leikmenn m.fl. kvenna 2014

| | | |
|---------------------------|-----------|--------|
| Ashley Marie Jaskula | 15 leikir | 4 mörk |
| Bríet Guðmundsdóttir | 10 leikir | |
| Bryndís Rut Haraldsdóttir | 11 leikir | |
| Bryndís Rún Baldursdóttir | 13 leikir | 1 mörk |
| Brynhildur Ólafsdóttir | 12 leikir | |
| Carolyn Polcari | 5 leikir | 3 mörk |
| Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir | 5 leikir | |

| | | |
|------------------------------|-----------|--------|
| Eva Margrét Hrólfsdóttir | 1 leikur | |
| Guðný Vaka Björnsdóttir | 1 leikur | |
| Guðrún Jenný Ágústadóttir | 17 leikir | 5 mörk |
| Helga Þórsdóttir | 2 leikir | |
| Hrafnhildur Björnsdóttir | 13 leikir | 1 mark |
| Hugrún Pálsdóttir | 16 leikir | 2 mörk |
| Jóna María Eiríksdóttir | 13 leikir | |
| Kolbrún Ósk Hjaltadóttir | 12 leikir | 2 mörk |
| Kristín Halla Eiríksdóttir | 1 leikur | |
| Laufey Rún Harðardóttir | 17 leikir | 1 mark |
| Ólína Sif Einarsdóttir | 17 leikir | 2 mörk |
| Rakel Svala Gísladóttir | 15 leikir | 1 mark |
| Sigríður Björnsdóttir | 5 leikir | |
| Sigurveig Anna Gunnarsdóttir | 4 leikir | |
| Snæbjört Pálsdóttir | 5 leikir | |
| Stella Dröfn Bjarnadóttir | 1 leikur | |
| Sunna Björk Atladóttir | 16 leikir | |
| Svava Rún Ingimarsdóttir | 17 leikir | |
| Þóra Rut Jónsdóttir | 11 leikir | 1 mark |

100 leikja klúbburinn

Reynt hefur verið eftir bestu getu að taka saman leikjafjölda allra þeirra sem leikið hafa með m.fl. Tindastóls frá upphafi. Eftirtaldir hafa leikið 100 leiki fyrir m.fl. Tindastól frá upphafi:

M.fl.karla:

| | |
|------------|-------------------------|
| 218 leikir | Gísli Eyland Sveinsson |
| 183 leikir | Gísli Sigurðsson |
| 178 leikir | Guðbrandur Guðbrandsson |
| 176 leikir | Kristmar Geir Björnsson |
| 164 leikir | Ingvi Hrannar Ómarsson |
| 160 leikir | Rúnar Björnsson |
| 152 leikir | Birgir Rafnsson |
| 149 leikir | Þórhallur Ásmundsson |
| 144 leikir | Bjarki Már Árnason |
| 143 leikir | Björn Sverrisson |
| 131 leikir | Aðalsteinn Arnarson |
| 129 leikir | Gunnar Þór Gestsson |
| 124 leikir | Sigmundur Skúlason |
| 123 leikir | Guðbjartur Haraldsson |
| 119 leikir | Snorri Geir Snorrason |

| | |
|------------|-----------------------|
| 117 leikir | Sverrir Sverrisson |
| 113 leikir | Stefán Arnar Ómarsson |
| 107 leikir | Stefán Örn Pétursson |
| 107 leikir | Pálmi Þór Valgeirsson |
| 104 leikir | Örn Ragnarsson |
| 104 leikir | Konráð Þorleifsson |
| 102 leikir | Árni Einar Adolfsson |
| 101 leikur | Grétar Karlsson |
| 101 leikur | Arnar Skúli Atlason |

M.fl.kvenna:

| | |
|------------|--------------------------|
| 111 leikir | Svava Rún Ingimarsdóttir |
| 103 leikir | Sunna Björk Atladóttir |

Yngri flokkar

Öflugur starfi yngri flokka var haldið úti og voru æfingar hjá alls 12 flokkur. Þjálfarar voru; Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir, Guðjón Örn Jóhannsson, Haukur Skúlason og Agnar Þór Hilmarsson. Yngri flokkarnir tóku þátt í Íslandsmóti og eins í mörgum mótum sem var boðið uppá um helgar víðsvegar um landið.



3.flokkur karla fór til Spánar um páskana og var þar við ætingar. Liðið keppni nokkra leiki og gekk öll ferðin vel fyrir sig.

Landsbankamót



Landsbankamótið fór fram dagana 28. – 29. júní og var framkvæmd þess öll til fyrirmyndar. Ágæt þátttaka var á mótinu og skemmtu keppendur sér hið besta. Mótið er fyrir stelpur í 7. 6. og 5.flokki. Það voru fjölmargir foreldrar sem tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd mótsins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Króksmót FISK

Dagana 9. og 10. ágúst fór fram hið árlega Króksmót á Sauðárkróki. Mótið er fyrir stráka í 7. 6. og 5. flokki og var ágætlega sótt að vanda. Öll umgjörð mótsins var okkur öllum til sóma. Foreldrar unnu gríðarlega mikið og gott starf og er þeim sérstaklega þakkað fyrir.

Fjármál

Fjárhagslega niðurstöðu ársins má sjá á meðfylgjandi reikningum.

Lokaorð

Ég þakka ég öllum þeim sem komið hafa að rekstri deildarinnar á einn eða annan hátt á þessu starfsári. Það á við stjórnarmenn, þjálfara og öflugan hóp foreldra og

venslafólks. Samstarfsaðilum öllum þakka ég fyrir og vonast til að við getum áfram átt farsælt samstarf.

Ómar Bragi Stefánsson
Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.

Ársreikningur knattspyrnudeildar

Rekstrarreikningur ársins 2014

| | 2014 | 2013 |
|-------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Framlag frá aðalstjórn | 4.408.244 | 5.108.244 |
| Fjáraflanir og styrkir | 19.831.830 | 12.988.468 |
| Aðgangseyrir | 733.500 | 1.079.520 |
| Æfingagjöld yngri flokka | 6.056.217 | 6.586.700 |
| Króksmót | 7.534.171 | 6.244.368 |
| Landsbankamót | 4.418.835 | 2.852.564 |
| Jólatréssala | 1.399.100 | 1.301.100 |
| Aðrar tekjur | 1.982.062 | 3.946.185 |
| Rekstrartekjur samtals | 46.363.959 | 40.107.149 |
| Rekstrargjöld | | |
| Rekstur skrifstofu | 720.546 | 2.733.517 |
| Meistaraflokkur karla og Drangey | 11.631.889 | 17.852.387 |
| Meistaraflokkur kvenna | 6.961.296 | 6.248.801 |
| Yngri flokkar | 9.580.024 | 7.557.929 |
| Króksmót | 2.953.549 | 2.648.802 |
| Landsbankamót | 2.315.714 | 1.464.556 |
| Jólatréssala | 894.182 | 509.151 |
| Bifreið | 474.679 | 1.159.918 |
| Óskiptur kostnaður og kostn. frá fyrra ári | 107.930 | 6.347.159 |
| Rekstrargjöld samtals | 35.639.809 | 46.522.220 |
| Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 10.724.150 | -6.415.071 |
| Afskriftir | 563.867 | 563.867 |
| Fjármagnsliðir | | |
| Vaxtatekjur | 7.381 | 6.307 |
| Vaxtagjöld | 125.531 | 719.718 |
| Fjármagnsliðir samtals | -118.150 | -713.411 |
| Hagnaður (-tap) ársins | 10.042.133 | -7.692.349 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|---------------------------------------|-------------------|--------------------|
| Eignir | | |
| Fastafjármunir | | |
| Stúka | 1.007.054 | 1.150.921 |
| Bifreið | 160.000 | 580.000 |
| Fastafjármunir alls | 1.167.054 | 1.730.921 |
| Veltufjármunir | | |
| Viðskiptakröfur | 3.523.089 | 846.734 |
| Innistæður í innlánsstofnunum | 274.964 | 378.152 |
| Veltufjármunir alls | 3.798.053 | 1.224.886 |
| Eignir alls | 4.965.107 | 2.955.807 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Skuldir | | |
| Langtímaskuldir | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 0 | 300.000 |
| Skuldaleiðrétting – tekjufærist 2016 | 1.697.915 | 0 |
| Langtímaskuldir alls | 1.697.915 | 300.000 |
| Skammtímaskuldir | | |
| Skuldir við innlánsstofnanir | 353.671 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 3.454.182 | 14.379.236 |
| Skuldaleiðrétting – tekjufærist 2015 | 1.697.915 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 67.622 | 624.902 |
| Næsta árs afborganir af langtímalánum | 300.000 | 300.000 |
| Skammtímaskuldir alls | 5.873.390 | 15.304.138 |
| Skuldir alls | 7.571.305 | 15.604.138 |
| Eigið fé | | |
| Eigið fé í byrjun tímabils | -12.648.331 | -4.955.982 |
| Hagnaður/-tap tímabilsins | 10.042.133 | -7.692.349 |
| Eigið fé í lok tímabils | -2.606.198 | -12.648.331 |
| Skuldir og eigið fé | 4.965.107 | 2.955.807 |

Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar

Tímabilið 01.05.2013 – 30.04.2014

Miklar breytingar urðu á stjórn körfuknattleiksdeildar á síðasta aðalfundi. Tveir aðilar gáfu kost á sér í formannsstöðuna, þeir Jón Ingi Sigurðsson og Stefán Jónsson. Kosningin var leynileg og hlaut Stefán Jónsson 24 atkvæði af 31 greiddu atkvæði. Jón Ingi hlaut 6 atkvæði og einn seðill var auður. Stefán Jónsson var því réttkjörinn formaður deildarinnar.

Kosning stjórnar.

Tvær tillögur að stjórn voru bornar upp á fundinum sem stóð til að kjósa um, en þar sem ekkert hámark um fjölda stjórnarmanna kom fram önnur tillaga um að sameina þær tvær og lagt var fram að eftirfarandi aðilar tækju sér sæti í stjórn, Una Sigurðardóttir gjaldkeri, Ólafur Björn Stefánsson, Björn Hansen, Hafdís Einarsdóttir og Ásmundur Baldvinsson. Tillagan var samþykkt. Þremur dögum eftir aðalfundinn sagði Ásmundur Baldvinsson sig úr stjórn, hefur réttkosin stjórn starfað óbreytt síðan.

Meistaraflokkur kvenna

Strax í upphafi hjá nýrri stjórn var ákveðið að endurvekja meistaraflokk kvenna, en sá flokkur hefur legið niðri mörg undanfarin ár. Var ákveðið að ráða erlendan þjálfara/leikmann til þess að taka það að sér og fyrir valinu varð Kanadísk stúlka að nafni Tashawna Higgins. Runnum við svoltið blint í sjóinn með þetta unga lið sem voru skráðar til leiks í 1 deild. Hópurinn saman stendur af mjög ungum leikmönnum sem eru líka að leika í 10 flokki en eru líka þar eldri og reynslumeiri leikmenn. Stelpurnar voru ekki lengi að setja mark sitt á leikinn og fram úr okkar björtustu vonum gekk liðinu mjög vel. Spiluðu þær 14 leiki í 1. deild og sigruðu í 10 þeirra og voru einum sigri frá því að komast í umspilsleiki um Dominos deildarsæti, frábær árangur sem klárlega verður hægt að byggja á næsta vetur. Lítil breyting verður á liðinu fyrir næsta tímabil og eru 6 af leikmönnum sammingsbundnar félaginu á næsta tímabili. Tashawna Higgins verður áfram þjálfari næsta vetur en með breytingu á að Kári Maríasson kemur inn í þetta sem aðstoðarþjálfari. Bindur stjórn KKD miklar vonir um að samstarf Tashawna og Kára verði farsælt og árangursríkt.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla lék þetta tímabilið í 1. deild og var okkur spáð þar góðu gengi fyrir mót. Gríðarleg breyting var á mannskapnum frá fyrra tímabili. Ný regla var tekin upp með erlenda leikmenn að þessu sinni aðeins leyfður einn erlendir leikmaður á velli í hvert sinn ásamt 4 Íslendingum. Þröstur Leó, Hreinn Birgisson, Pálmi Jónsson, Þorbergur Ólason og Svafar Birgisson hættu hjá félaginu og héldu til annarra starfa. Ákveðið var að okkar ungu leikmenn fengju nú tækifæri á að spreyta sig ásamt því að ráðinn var Darrell Flake sem er með íslenskt ríkisfang og Bandaríkjamaðurinn Antoine Proctor. Lék liðið 18 leiki í 1 deildinni og sigraði 16 og tapaði aðeins 2 leikjum og var algjört yfirburða lið í 1 deildinni þetta árið, leikur liðið í deild þeirra bestu á næsta tímabili, fór liðið einnig í undanúrslit í Poweraid bikarnum, heldur félagið öllum leikmönnum fyrir næsta tímabil nema Antoine Proctor. Bárður Eypórsson tók þá ákvörðun um að láta af störfum eftir veturinn og vill stjórn KKD koma á framfæri miklum þökkum í hans garð fyrir vel unnin störf fyrir félagið undanfarin ár, einnig óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Stjórn KKD tók náði samkomulagi við Spánverja að nafni Isarel Martin um að taka að sér þjálfun fyrir félagið næstu 3 árin, mun hann koma til starfa fyrir félagið í lok júlí. Þar er á ferð reynslumikill þjálfari sem miklar vonir eru bundnar við. Stjórn vil þakka þjálfurum og öllum leikmönnum sem tóku þátt í starfi félagsins á tímabilinu.

Rekstur deildarinnar gekk ágætlega á tímabilinu og vill stjórn færa öllum stuðningsaðilum deildarinnar þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag og vonast eftir áframhaldandi stuðningi við starfið, enda ljóst að með þátttöku tveggja liða í Íslandsmóti hækkaði kostnaður deildarinnar nokkuð. Þá eru að lokum aðalstjórn félagsins færðar þakkir fyrir samstarfið og síðast en ekki síst öllum áhorfendum og þá sérstaklega öllum þeim sjálfboðaliðum sem að starfinu koma með margvíslegu vinnuframlagi í tengslum við leiki, ferðir, fjáraflanir og aðra hluti.

F.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Tindastóls

Stefán B Jónsson Formaður.

Ársreikningur körfuknattleiksdeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 01.07.2013-30.04.2014**

| | 2013-14 | 2012-13 |
|------------------------------------------|--------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Aðgangseyrir | 2.529.078 | 2.519.285 |
| Fjáraflanir | 2.007.770 | 1.983.090 |
| Styrkir – aðalstjórn | 5.319.288 | 4.564.181 |
| Aðalstyrktaraðilar | 5.081.114 | 4.468.744 |
| Auglýsingar og minni styrkir | 3.950.943 | 4.940.000 |
| Rekstrartekjur samtals | 18.888.193 | 18.475.300 |
| Rekstrargjöld | | |
| Laun- og launatengd gjöld | 9.074.563 | 7.929.379 |
| Styrkur til unglingaráðs | 656.250 | 656.250 |
| Húsnæðiskostnaður | 1.784.268 | 1.892.000 |
| Ferðakostnaður – innanlands | 1.806.450 | 1.493.314 |
| Ferðakostnaður – erlendis | 1.116.388 | 1.593.585 |
| Þáttökugjöld og félagaskipti | 740.489 | 999.107 |
| Dómarakostnaður | 999.718 | 1.101.224 |
| Búningar og skór | 252.235 | 61.493 |
| Sjúkrakostnaður | 530.456 | 548.098 |
| Sími, auglýsingar, prentun, hönnun | 47.549 | 193.895 |
| Rekstur bifv. RK-587 | 25.325 | 243.852 |
| Kostnaður vegna fjáraflana | 131.241 | 191.302 |
| Annar kostnaður | 1.533.308 | 1.423.316 |
| Rekstrargjöld samtals | 18.6998.240 | 18.326.815 |
| Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða | 189.953 | 148.485 |
| Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld | | |
| Vaxtatekjur | 6.987 | 4.965 |
| Vaxtagjöld | -4.508 | -45.557 |
| | 2.479 | -40.592 |
| Niðurstaða ársins | 192.432 | 107.893 |

Efnahagsreikningur 30. apríl 2014

| | 30.04.2014 | 30.04.2013 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | |
| Veltufjármunir | | |
| Bankainnistæður | 556.057 | 288.625 |
| Aðrar skammtímakröfur | 966.179 | 684.846 |
| Veltufjármunir samtals: | 1.522.236 | 973.471 |
| Áhöld og tæki | | |
| Bifreiðin RK-587 | 461.019 | 461.019 |
| Áhöld og tæki samtals: | 461.019 | 461.019 |
| Eignir samtals | 1.983.255 | 1.434.490 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Viðskiptaskuldir | 1.247.661 | 891.328 |
| Skuldir samtals | 1.247.661 | 891.328 |
| Eigið fé | | |
| Flutt frá fyrra ári | 543.162 | 435.269 |
| Niðurstaða ársins | 192.432 | 107.893 |
| Eigið fé samtals | 735.594 | 543.162 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 1.983.255 | 1.434.490 |

Skýrsla stjórnar unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar

Unglíngaráð hélt nokkra formlega fundi á árinu en notaði mikið tölvupósta, símtöl og óformlega fundi til samskipta og ákvarðanatöku. Ráðning þjálfara gekk heldur rólega og af þeim sökum fór starfið heldur seint af stað hjá sumum yngri flokkanna. Ellefu þjálfarar störfuðu fyrir unglíngaráð sl. vetur, reyndar tveir aðeins í stuttan tíma í vor. Eins og undanfarin ár vorum við í samstarfi við Smára í Varmahlíð og útveguðum þeim þjálfara einu sinni í viku.

Við ákváðum þetta árið að halda Króksamótið snemma í janúar en ekki í byrjun nóvember eins og stefnan hefur verið undanfarin ár. Ákveða þarf hvor þessara tímasetninga henti betur því ekki er gott að hringla of mikið með hana. Hvor tímasetningin hefur sína kosti.

Minnibolti og míkróboltinn voru með skipulagðar æfingar tvisvar í viku niðri í litla sal og síðan uppi í íþróttahúsi þegar Árvist flutti í húsnæði Árskóla. Þessir hópar tóku þátt í tveimur mótum við sitt hæfi, Króksamótinu og Kjarnafæðismóti Þórs á Akureyri. Á Króksamótið komu lið frá Varmahlíð, Hvammstanga og Akureyri.

Vinna þarf að fjölgun iðkenda í öllum yngri árgöngunum en í sumum þeirra eru alltof fáir. Skoða þarf hvort þátttaka minnibolta eldri (5.-6.bekk) í Íslandsmóti gæti verið liður í því.

Körfuboltaskólinn var í boði á sunnudögum þegar húsið var laust. Koma þarf betra skipulagi á skólann og fá meiri þátttöku.

Sjö yngri flokkar tóku þátt í Íslandsmóti vetur og sex í bikarkeppni. Drengjaflokkur lék til í úrslita í Íslandsmótinu og 10.flokkur stúlkna og unglíngaflokkur drengja komust í fjögurra liða úrslit. Leikjaskipulag 11.flokks, drengjaflokks og unglíngaflokks var alls ekki nógu gott frá hendi KKÍ. Oft var leikjum frestað og í sumum tilfellum ekki mikil ástæða fyrir henni. Algengt var að leikir væru svo settir á með mjög stuttum fyrirvara. Mikil vinna fer í það ef einstökum félögum er ætlað að hafa þessi mál í góðum farvegi.

Fjögur ungmenni voru valin í yngri landslið Íslands til þátttöku á Norðurlandamótinu í vor. Það voru Pétur Rúnar Birgisson í U18 drengja, Pálmi Þórsson í U16 drengja, Bríet Lilja Sigurðardóttir og Linda Þórdís Róbertsdóttir í U16 stúlkna.

Ýmislegt mætti drepa á sem þyrfti að vinna að og gera betur í unglíngastarfinu en ég nefni eitt.

Til að spara dómarakostnað geta lið fengið að setja dómara á sína heimaleiki í unglíngaflokki að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þar á meðal er að taka leikina upp og að senda verðandi dómara á námskeið. Við þurfum að vinna í að senda fleiri á námskeið til þess að fjölga þeim sem geta dæmt hjá okkur. Þannig eykst sjálfstraust þeirra sem eru að dæma, dómgæslan verður jafnbetri og eins lendir dómgæslan þá ekki alltaf á sömu einstaklingunum.

Unglíngaráð skipuðu; Eiríkur Loftsson formaður, Unnur Ólöf Halldórsdóttir gjaldkeri, Anna Steinunn Friðriksdóttir, Róbert Óttarsson og Vignir Kjartansson.

Starfsárið 2014-2015 verða Eiríkur, Unnur Ólöf og Vignir áfram í unglíngaráði en inn koma ný Guðbjörg Ragnarsdóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir og Sædís Bylhja Jónsdóttir.

Unglíngaráð vil þakka öllum sem komið hafa að starfinu í vetur, iðkendum, þjálfurum, foreldrum, dómurum og öðrum.

Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 01.07.2013-30.04.2014**

| | 07.2013-04.2014 | 07.2012-06.2013 |
|------------------------------------------|------------------------|------------------------|
| Rekstrartekjur | | |
| Æfingagjöld | 3.390.500 | 3.433.750 |
| Fjárafllanir | 457.026 | 594.126 |
| Auglýsingar og styrkir | 1.026.250 | 1.125.365 |
| Aðrar tekjur | 0 | 15.000 |
| Rekstrartekjur samtals | 4.873.776 | 5.168.241 |
| Rekstrargjöld | | |
| Launakostnaður | 3.716.964 | 4.345.500 |
| Dómara- & þátttökukostnaður | 178.725 | 214.582 |
| Búningakaup yngri flokka | 49.400 | 106.793 |
| Húsaleiga v. þjálfara | 0 | 324.000 |
| Ferðakostnaður | 293.392 | 168.285 |
| Kostnaður v. Króksamóts | 280.894 | 199.876 |
| Annað | 65.713 | 57.000 |
| Rekstrargjöld samtals | 4.585.088 | 5.416.036 |
| Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða | 288.688 | -247.795 |
| Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld | | |
| Vaxtatekjur | 330 | 2.343 |
| Vaxtagjöld | -13.552 | -31.910 |
| | -13.222 | -29.567 |
| Afkoma ársins | 275.466 | -277.362 |

Efnahagsreikningur 30. apríl 2014

| | 30.04.2014 | 30.06.2013 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | |
| Veltufjármunir | | |
| Ógreiddir styrkir | 0 | 219.115 |
| Ógreidd æfingagjöld | 1.196.750 | 0 |
| Bankainnistæður | 116.416 | 2.748 |
| Veltufjármunir samtals: | 1.313.166 | 221.863 |
| Eignir samtals | 1.313.166 | 221.863 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Skuldir | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 719.950 | 0 |
| Ógreiddur ferðakostnaður | 30.174 | 0 |
| Ógreitt vegna uppskeruhátíðar | 65.713 | 0 |
| Skammtímaskuldir samtals | 815.837 | 0 |
| Skuldir samtals | 815.837 | 0 |
| Eigið fé | | |
| Flutt frá fyrra ári | 221.863 | 499.225 |
| Niðurstaða ársins | 275.466 | -277.362 |
| | 497.329 | 221.863 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 1.313.166 | 221.863 |

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

Pistill formanns

Þetta var viðburðaríkt ár hjá frjálsíþróttadeildinni stærsti viðburðurinn var unglíngalandsmót sem var haldið um verslunarmannahelgina . Það mót gekk vel í alla staði en undirbúningur þess hófst í Apríl þótt lokaundirbúningur hafi verið mestur dagana fyrir mót. Niðurstaða mótsins fjárhagslega var ekki eins ánægjuleg vegna kostnaðar og annarra hluta. Þá sérstaklega fjárhagshlutinn mótsins.

Mjög góður árangur náðist á árinu í hlaupagreinum Jóhann Björn Sigurbjörnsson setti aldursflokkamet í Júní í 200 m hlaupi utanhúss hljóp hann á 21,36 sek. Hann keppti erlendis á þrem mótum með góðum árangri hann setti íslandsmet í 4x100 metra boðhlaupi í Tíblisi í Georgíu sveitin hljóp á 40,84 sek .

Farið var á Gautaborgarleikana í Júní keppendur voru um 30 manns bæði frá Smára Varmahlíð og Tindastóli þar náðist einnig góður árangur hæst ber árangur Þórönnu Ósk Sigurjónsdóttir en hún stökk 1,67 m. í hástökki 18-19 ára kvenna og setti þar með nýtt héraðsmet í kvenna flokki á hún þá nær öll héraðsmetinn í hástökki stúlkna og kvennaflokki hjá UMSS.

Í haust var haldið áfram með frjálsíþróttæfingar fyrir yngri börn börn frá 7 ára og uppúr og hafa þær æfingar gengið vel og verið um 20-30 börn á æfingu . Æfingarnar hafa verið í umsjón Gest Sigurjónssonar þjálfara yngri hóps og hefur hann haft þær Áslaugu Jóhannesdóttir og Þorgerður Björnsdóttir sem hafa verið honum til aðstoðar.

Að lokum vill ég þakka Þjálfurum, foreldrum, stjórn og öllum öðrum fyrir gott samstarf

Sigurjón Leifsson

Formaður frjálsíþróttadeildar Tindastóls

Íslandsmeistaratitlar UMFT 2014

Innanhúss 2014

MÍ 15-22 ára innanhúss 2014

60m grind U 20-22 ára 9,14 sek Guðjón Ingimundarson

MÍ aðalhluti innanhúss 2014

Hástökk kvenna 1,66 m Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir

Utanhúss 2014

MÍ aðalhluti utanhúss 2014

100 m hlaup karla 10,77 sek Jóhann Björn Sigurbjörnsson

200 m hlaup karla 21,83 sek Jóhann Björn Sigurbjörnsson

MÍ fjölþraut utanhúss 2014

Fjölþraut kvenna 4066 stig Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir

MÍ 15-22 ára utanhúss 2014

100 m U 20-22 ára 11,28 sek Daníel Þórarinsson

200 m U 20-22 ára 22,77 sek Daníel Þórarinnsson

400 m U 20-22 ára 51,74 sek Daníel Þórarinnsson

110 m grind P 18-19 ára 15,70 sek Ísak Óli Traustasson

110 m grind U 20-22 ára 16,01 sek Guðjón Ingimundarsson

4x100 m boðhlaup U 20-22 ára 44,64 sek Sveinbjörn Óli Svavarsson, Guðjón Ingimundarson, Ísak Óli Traustason, Daníel Þórarinnsson

800m U 20-22 ára 2:48,00 sek Linda Björk Valbjörnsdóttir

Hástökk U 20-22 ára 1,40 m Linda Björk Valbjörnsdóttir

100 m grind S 18-19 ára 15,34 sek Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir

Íslandsmet 2014

100 m hlaup P 18-19 ára 10,71 sek Jóhann Björn Sigurbjörnsson

200 m hlaup P 18-19 ára og P20-22 ára 21,36 sek Jóhann Björn Sigurbjörnsson

Unglingalandsmótstitlar 2014

100 m grind S 18 ára 15,60 sek Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir

Frjálsíþróttafólk UMFT 2014

Frjálsíþróttamaður ársins 2014

Jóhann Björn Sigurbjörnsson

Frjálsíþróttakona ársins 2014

Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir

Viðurkenningar Tindastóls 2014

Besta ástundun 11-14 ára:

Stefanía Hermannsdóttir

Besta ástundun 15 ára og eldri:

Sveinbjörn Óli Svavarsson

Mestu framfarir 15 ára og eldri:

Rúnar Ingi Stefánsson

Óvæntasta afrek 15 ára og eldri:

Jóhann Björn Sigurbjörnsson

200 m hlaup 21,36 sek

Ársreikningur frjálssíþróttadeildar

Rekstrarreikningur ársins 2014

| | 2014 | 2013 |
|-------------------------------|--------------------|------------------|
| Tekjur: | | |
| Æfingagjöld | 2.015.000 | 1.202.250 |
| Styrkir frá aðalstjórn | 1.832.354 | 2.161.664 |
| Fjáraflanir | 789.600 | 684.964 |
| Ferðastyrkur ÍSÍ | 242.162 | 264.498 |
| Vaxtatekjur | 57.290 | 75.715 |
| | 4.936.406 | 4.389.091 |
| Gjöld: | | |
| Kostnaður vegna þjálfunar | 4.593.221 | 3.250.648 |
| Ferðakostnaður | 866.622 | 367.919 |
| Áhöld og tæki | 175.440 | 144.498 |
| FRÍ þjónustugjöld | 89.000 | 89.000 |
| Auglýsingar | 45.200 | 61.230 |
| Mótahald | 133.250 | 55.000 |
| Akstur í Varmahlíð | 64.000 | 33.754 |
| Sjúkrakostnaður | 45.270 | 0 |
| Annar kostnaður | 107.010 | 26.371 |
| Vaxtagjöld | 38.334 | 23.715 |
| | 6.196.029 | 4.052.135 |
| Hagnaður (-tap) ársins | (1.259.623) | 336.956 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | |
| Veltufjármunir: | | |
| Viðskiptakröfur | 840.239 | 865.989 |
| Aðrar skammtímakröfur | 4.704 | 4.704 |
| Handbært fé | 1.251.615 | 2.313.241 |
| Eignir samtals | 2.096.558 | 3.183.934 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Skuldir: | | |
| Ferðasjóður | 0 | 84.011 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 699.444 | 443.186 |
| Skuldir samtals | 699.444 | 527.197 |
| Eigið fé: | | |
| Eigið fé frá fyrra ári | 2.656.737 | 2.319.781 |
| Hagnaður ársins | (1.259.623) | 336.956 |
| Eigið fé samtals | 1.397.114 | 2.656.737 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 2.096.558 | 3.183.934 |

Skýrsla stjórnar sunddeildar

Stjórnarstörf:

Aðalfundur Sunddeildar Tindastóls fyrir árið 2014, haldinn 10 febrúar 2015.

Fundir voru haldnir reglulega, einu sinni í mánuði, og oftast ef um mót eða slíkt var á dagsskrá.

Fyrir liggur að þrír stjórnarmenn munu hætta störfum eftir 3ja ára setu í stjórn. Það eru: Ragna Hrund Hjartardóttir gjaldkeri, Aðalbjörg Þorgrímsdóttir ritari og Sigurlaug Ingimundardóttir stjórnarmaður og þökkum við þeim vel fyrir unnin störf.

Fyrir fundinn liggur fyrir tillaga að stjórnarmönnum, en það eru: Þorgerður Þórhallsdóttir formaður, Aðalbjörg Hallmundsdóttir ritari og Stefán Ómar Stefánsson gjaldkeri.

Varamaður, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir.

Starfsemi deildarinnar:

Sunneva Jónsdóttir og Guðjóni Ingimundarson voru þjálfarar hjá deildinni í janúar til maí. Ákveðið var að bjóða uppá æfingar um sumarið vegna Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. Sundæfingar byrjuðu 23. júní og sá Ingunn Kristjánsdóttir um þjálfun til 15. júlí en þá fór hún á vit nýrra ævintýra erlendis. Áfram var haldið með æfingar fyrir unglingsmótið, sem var leyst þannig að Sigrún Þóra Karlsdóttir, Þorgerður Þórhallsdóttir og Ragna Hjartardóttir sáu um þjálfun fram á móti.

29.september byrjuðu sundæfingar eftir sumarfrí.

Erfiðlega gekk að ráða þjálfara um haustið en engar umsóknir bárust um þjálfarastarfið. Þorgerður Þórhallsdóttir, formaður, leysti málið og skráði sig í fjarmenntun hjá Íþrótt og Ólympíusamband Íslands og kláraði 1-3 stigs í þjálfaramenntun á haustönn 2014.

Þau sem þjálfra/ leiðbeinendur eru Þorgerður Þórhallsdóttir, Jóhann Ulriksen og Sigrún Þóra Karlsdóttir. Jóhann og Sigrún eru reyndir sundmenn og miðla þekkingu sinni til iðkenda.

20 krakkar æfa sund hjá sunddeildinni.

Höfrungar, 3-4. bekkur, eru með æfingar tvisvar í viku og Hákarlar, 5 - 10. bekkur, er með æfingar þrisvar sinnum í viku.

Einu sinni í mánuði er boðið uppá ávexti og grænmeti eftir æfingar og er það geysi vinsælt.

Uppskeruhátíðin 2014 var haldin í Grettislaug 2.júní. Þar var farið í laugarnar og boðið uppá grillmat og meðlæti.

Að þessu sinni voru ekki veittar sérstakar viðurkenningar fyrir árangur né ástundun en sunddeildin gaf iðkendum sínum handklæði með nafni og merki deildarinnar sem viðurkenningu fyrir góða frammistöðu.

Unglingalandsmótið UMFÍ fór fram á Sauðárkróki við kjör aðstæður um verslunarmannahelgina 1-4. ágúst.

Ragna Hrund Hjartardóttir og Aðalbjörg Þorgrímsdóttir voru greinarstjórar, Stefán Ómar Stefánsson var ræsir og Sigurlaug Ingimundardóttir var þulur og stjórnaði þessu vel.

Þorgerður Þórhallsdóttir ásamt foreldrum sáu um sjoppu í sundlauginni og veitingasölu seinni partinn og á kvöldin á flæðunum í tjaldi, oft var mikið fjör og mikið álag.

Sem betur fer átti Sunddeildin marga góða að sem lögðu sitt að mörkum hvort heldur var við tímatöku, smyrja samlokur, sjá um gæslu á kvöldin eða taka vaktir í sjoppunni.

Takk fyrir - Án ykkar hefði þetta ekki verið hægt.

Mót:

Alls tók sunddeildin þátt í þremur mótum 2014, þar af eitt utan Sauðárkróks.

*KR Gullmót fór fram í Reykjavík dagana 8-10 febrúar í Laugardalslaug í 50 m innilaug. Alls fóru 14 keppendur ásamt foreldrum.

30. apríl. Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar var haldið á Sauðárkróki. Í apríl undirrituðu sunddeildin og Kiwanisklúbburinn Drangey samning um að fjölga keppendum á bikarmóti, þeir sem eiga þátttökurétt eru UMSS, USAH og USVH. Alls mættu 50 keppendur frá þessum þremur samböndum.

1-4.ágúst var Unglingalandsmót UMFÍ haldið hér á Sauðárkróki.

Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma.

Annað:

17. mars var sameiginleg sundæfing á Blönduósi. Fóru 23 krakkar frá Sunddeild Tindastóls ásamt foreldrum sem keyrðu. Boðið var uppá skyr, ávexti og ís.

25. október var farið í grænuklauf á sleða.

30.október hópefli inni í sundlaug vegna gosmengunar úti.

10-13 nóvember var vinavika en þá mátti bjóða vin á sundæfingu. Mjög vinsælt.

Fjáraflanir:

- Mars: Sala á skeggælum fyrir Kiwanisklúbb Drangeyjar.
- Ágúst: Sjoppa á unglíngalandsmótinu
- Ágúst: Gæsla á unglíngalandsmótinu
- Nóvember/desember: Blaðaútburður á Dagskránni sem krakkarnir tóku þátt í.

Sunddeild Tindastóls þakkar foreldrum og sunðiðkendum fyrir aðstoðina.

Tilnefning Sunddeildar Tindastóls:

Uppskeruhátíð UMSS fór fram í húsi Frítímans 27. desember og voru tilnefningar sunddeildarinnar eftirfarandi:

- Rannveig Sigrún Stefánsdóttir var tilnefnd sem íþróttamaður Tindastóls
- Stefanía Sigfúsdóttir sem Ung og efnileg

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2014.

Sauðárkróki, febrúar 2015

Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Þorgerður Eva Þórhallsdóttir

Ragna Hrunn Hjartardóttir

Aðalbjörg Þorgrímsdóttir

Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir

Stefán Ómar Stefánsson

Ársreikningur sunddeildar

Rekstrarreikningur ársins 2014

| | 2014 | 2013 |
|-------------------------------|------------------|------------------|
| Tekjur | | |
| Æfingagjöld | 266.000 | 306.000 |
| Styrkur frá aðalstjórn | 881.656 | 1.080.838 |
| Fjáraflanir | 50.000 | 294.430 |
| Vaxtatekjur | 52.430 | 91.155 |
| Samtals tekjur | 1.250.086 | 1.772.423 |
| | | |
| Gjöld | | |
| Kostnaður vegna þjálfunar | 577.214 | 497.602 |
| Framlag í ferðasjóð | 38.600 | 236.436 |
| Mótahald | 128.500 | 357.151 |
| Uppskeruhátíð | 134.601 | 169.282 |
| Ýmis kostnaður vegna iðkenda | 51.725 | 19.330 |
| Auglýsingar | 86.943 | 87.079 |
| Unglingalandsmót/afmælishátíð | 89.690 | 41.583 |
| Keypt áhöld og tæki | 0 | 11.530 |
| Félagsgjöld | 113.800 | 23.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 13.495 | 31.375 |
| Vaxtagjöld | 10.960 | 19.149 |
| Samtals gjöld | 1.245.528 | 1.463.437 |
| | | |
| Hagnaður (-tap) ársins | 4.558 | 308.986 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | |
| Veltufjármunir | | |
| Handbært fé | 1.248.370 | 1.126.511 |
| Aðrar skammtímakröfur | 20.000 | 185.724 |
| | 1.268.370 | 1.312.235 |
| Eignir samtals | 1.268.370 | 1.312.235 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Skuldir | | |
| Laun og tengd gjöld | 47.740 | 50.699 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 3.600 | 49.064 |
| Skuldir samtals | 51.340 | 99.763 |
| Eigið fé | | |
| Höfuðstóll frá fyrra ári | 1.212.472 | 903.486 |
| Hagnaður (-tap) ársins | 4.558 | 308.986 |
| Eigið fé | 1.217.030 | 1.212.472 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 1.268.370 | 1.312.235 |

Skýrsla stjórnar skíðadeildar Starfsárið 2013-2014

Starfsárið byrjaði eins og vant er strax eftir aðalfund. Það er skemmst að segja frá því að stjórnin var endurkjörin og það voru haldnir fjölmargir stjórnafundir á starfsárinu.

Eins og ævinlega vorum við mjög stórhuga fyrir veturinn og var gengið frá ráðningu þjálfara í ágúst byrjun og æfingar hófust í okt. hjá eldri hópnum en í des hjá yngri hópnum.

Þá var sú skemmtilega nýbreytni tekin upp að hafa opið 7 daga vikunnar það er að segja þegar veður leyfði. Æfingar voru 4 sinnum í viku hjá eldri hópnum en 3 sinnum hjá yngri hópnum óhætt er að segja að við hjá Skíðadeild Tindastóls höfðum miklar væntingar fyrir þennan vetur og vorum við virkilega bjartsýn á vetrarstarfið en því miður gekk dæmið ekki alveg upp. Iðkendum fækkaði töluvert og veðrið ekki okkur í hag.

Við opnuðum 21. nóv. og voru opnunardagarnir 100 talsins en það komu einungs 4.095 manns í fjallið sem er langt undir væntingum þá hlýtur maður að spyrja sig hvað er að og merkilegt nokk það þarf ekki að hugsa lengi því svarið er vegurinn, bílplanið og skálinn. Ef þessi þrjú atriði verða löguð þá er bara bjart framundan. Hinsvegar ef ekkert verður að gert þá á þetta mjög svo góða skíðasvæði bara eftir að drabbast niður og verða að engu. Þess vegna verðum við að þruga upp skála laga planið og herja á hinu opinbera til að laga veginn uppeftir.

Helstu framkvæmdir á svæðinu eru vinna við snjógirðingar, ljós lagfærð og ýmislegt smávægilegt gert í viðhaldi.

Snjótroðarinn þurfti sína árlegu yfirhalningu og verður það að segjast eins og er að sú fjárfesting í að kaupa annan troðara til niðurrifs hefur heldur betur borgað sig og á eftir að spara okkur heilmikla peninga þegar framlíða stundir. Það þurfti að yfirfara áhöld og fleira og auðvitað telur þetta allt saman í kostnaði þó svo að við reynum að spara eins og hægt er.

Skíðadeildin ásamt foreldrafélaginu fór í heilmikil búnaðarkaup á árinu keyptar voru fjölmargar stangir og borvél. Anna Jóna gaf deildinni 20 stangir og Lions klúbbur Skagafjarðar gaf okkur þráðlaus tímatökutæki. Ber að þakka allar þessar gjafir og þann hlýhug sem við finnum fyrir. Við keyptum nýjan gamlan snjósleða, var það nauðsynlegt til að tryggja öryggi og auðvelta allt viðhald og snatt á svæðinu.

Við sóttum um búnað hjá World Snow day og fengum við þar allskonar búnað. Eina sem við þurftum að greiða fyrir var flutningur til okkar, en í þessum búnaði er til að mynda flögg, vesti með númerum, 3 búnt af stöngum, markhús og endamark. Má segja að við séum að verða þökkalega vel græjuð deild. Það sem uppá vantar eru talstöðvar og svo þarf að endurskoða skyndihjálpar búnaðinn.

Þá aftur að vetrarstarfinu, við fórum í samstarf við skólana í Skagafirði og komum öllum árgöngum á skíði í vetur, nema fyrsta og öðrum bekk. Og í þau skipti sem ég var þarna uppfrá þá var gleði og hamingja í öllum andlitum. Vil ég benda næstu stjórn að halda þessu verkefni gangandi.

Það voru tvö brettanámsekið á vegum deildarinnar og mæltist það vel fyrir og ég hef svo sem rætt það áður en ég tel það löngu tímabært að stofna brettadeild.

Við skipulögðum hina ýmsu viðburði í vetur, Vetrarleika, frítt í fjallið o.fl. Því miður voru veðurguðirnir okkur alls ekki hliðhollir, allt svo nægur snjór en aldrei logn.

Krakkarnir fóru á fjölmörg mót og stóðu sig ávalt mjög vel og voru félaginu til sóma. Við vorum með tvö mót í Tindastól, Sauðárkróksbakrísmót og Steinullarmót og vil ég þakka báðum þessum fyrirtækjum fyrir stuðninginn undanfarin ár.

Það eru tveir sem gefa ekki kost á sér áfram í stjórn en það eru Hrund og Rabbi og vil ég þakka þeim fyrir samstarfið undanfarin ár. Þetta er búin að vera mjög góður tími og skemmtilegt að vinna með þeim.

Að lokum vil ég segja það að skíðadeildin þarf að fara í algera naflaskoðun fyrir næsta vetur. Greina vandamál og lagfæra, setja sér raunhæf markmið og þá er það alveg klárt að við eigum bara eftir að vaxa og dafna sem eitt af öflugustu skíðasvæðum á Norðurlandi vestra. Þar sem við verðum leiðandi í vefraferðamennsku í Skagafirði höldum áfram uppbyggingu á skíðasvæðinu fyrir Skagafjörð og nágrenni, því ef við höldum rétt á spöðunum þá eiga þúsundir gesta eftir að koma í Skagafjörðinn til að renna sér í Tindastól og skilja eftir pening í héraðinu.

Hér með læt ég staðarnumið og þakka öllum sem eitthvað komu að starfinu síðasta vetur starfsmönnum, þjálfurum, foreldrum, iðkendum og öllum þeim sem okkur eru velviljaðir fyrir veturinn takk fyrir.

Sigurður Bjarni Rafnsson.

Ársreikningur skíðadeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 1.5.2013 - 30.4.2014**

| | 05.2013-04.2014 | 09.2012-04.2013 |
|-----------------------------------------------|------------------------|------------------------|
| Tekjur | | |
| Auglýsingar á dagatali | 968.788 | 800.000 |
| Auglýsingar á skiltum | 265.000 | 0 |
| Tekjur af skíðasvæði | 6.614.750 | 8.145.567 |
| Æfingagjöld | 0 | 438.000 |
| Sauðárkróksbær, rekstrarstyrkur | 12.192.580 | 5.810.000 |
| Tindastóll | 1.037.536 | 642.609 |
| Vinna v/jólaskreytinga | 0 | 200.000 |
| Seldur bíll | 0 | 500.000 |
| Ýmsir styrkir | 2.685.188 | 1.948.000 |
| Vaxtatekjur | 9.370 | 28.459 |
| Tekjur samtals | 23.800.212 | 18.512.635 |
| Gjöld: | | |
| Leiga á skíðalandi | 70.410 | 68.929 |
| Fasteignagjöld | 209.633 | 114.946 |
| Laun og launatengd gjöld. | 7.180.279 | 4.102.043 |
| Þjálfun-, búnaður kostnaður og laun | 3.669.971 | 726.049 |
| Rafmagn | 1.801.123 | 1.016.766 |
| Skíðasamband Íslands | 56.115 | 18.390 |
| Heilbrigðisgjald | 6.253 | 0 |
| Viðhaldskostnaður svæðisins | 5.723.819 | 3.215.982 |
| Olíur og eldsneyti | 2.424.255 | 2.189.186 |
| Tryggingar | 560.815 | 535.240 |
| Skoðunargjöld | 112.575 | 73.515 |
| Sími | 77.868 | 61.662 |
| Námskeið | 0 | 240.390 |
| Ritföng, pappír, prentun & auglýs. | 704.694 | 419.063 |
| Tengigjöld, tölvu | 98.388 | 0 |
| Ferðakostnaður | 130.604 | 102.200 |
| Vetrarleikar | 68.900 | 0 |
| Verðlaunapeningar, bikarar | 31.220 | 0 |
| Samtök Skíðasvæða | 52.000 | 0 |
| Keppnisgjöld | 30.780 | 223.490 |
| Afskrifaðar kröfur | 2.580 | 0 |
| Gjöld samtals | 23.012.282 | 13.107.851 |
| Hagnaður (- tap) fyrir afskr. og fjármagnsgj. | 787.930 | 5.404.784 |
| Fjármagnskostnaður | 292.635 | 98.874 |
| Afskriftir | 3.668.762 | 2.030.492 |
| Hagnaður (-tap) ársins | (3.173.467) | 3.275.419 |

Efnahagsreikningur 30. apríl 2014

| | 30.04.2014 | 30.04.2013 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | |
| Fastafjármunir: | | |
| Greidd leiga til Torfa | 1.063.641 | 1.119.621 |
| Skíðaskáli | 866.257 | 911.849 |
| Skíðasvæðið | 24.780.247 | 26.935.051 |
| Búnaður skíðaleigu | 707.754 | 884.693 |
| Troðari | 2.355.522 | 2.896.133 |
| Vélsleði | 1.600.000 | 0 |
| Bifreið | 1.138.667 | 1.400.000 |
| Leiktæki | 1.734.003 | 0 |
| Fastafjármunir alls | 34.246.090 | 34.147.347 |
| Veltufjármunir: | | |
| Arion banki 301268 | 57.063 | 84.226 |
| Arion banki 15475 | 1.355.071 | 2.033.646 |
| Sparisjóðurinn | 979 | 979 |
| Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd. | 11.765 | 11.445 |
| Viðskiptakröfur | 1.303.935 | 1.588.010 |
| Veltufjármunir alls | 2.728.813 | 3.718.306 |
| Eignir samtals | 36.974.903 | 37.865.653 |
| Skuldir og eigið fé: | | |
| Skuldir | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 1.539.686 | 0 |
| Aðrar skuldir | 1.647.185 | 904.155 |
| Skammtímaskuldir alls | 3.186.871 | 904.155 |
| Skuldir alls | 3.186.871 | 904.155 |
| Eigið fé: | | |
| Höfuðstóll frá fyrra ári | 36.961.499 | 33.686.080 |
| Hagnaður (-tap) ársins | (3.173.467) | 3.275.419 |
| | 33.788.032 | 36.961.499 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 36.974.903 | 37.865.653 |

Skýrsla Almenningsdeildar - Bogfimi

Árið 2014 var fyrsta árið sem Bogfimi var innan Tindastóls. En Almenningsdeild var vakin til lífsins árið 2013 til að koma að þessu jaðar íþróttum.

Bogfimin fór af stað með smá krafti veturinn 2014 en meira í kynningar formi. Yfir sumarið voru ekki haldnar neinar æfingar sögum aðstöðuleysis. En í kringum Unglingalandsmót fékkst Reiðhöllin til láns og var því hægt að stunda æfingar og kynningu vegna Unglingalandsmót 2014.

En haustið 2014 hófust reglulegar æfingar og óhætt að segja að mikill áhugi sé fyrir því. Nær fullt á allar æfingar og fáir sem komast að sem vilja prófa.

Einn einstaklingur fór fyrir hönd Tindastóls á Íslandsmót í bogfimi innan og utan hús.

Framtíðin er björt fyrir 2015

Haldið var í fyrsta skipti á Íslandi Þjálfaranámskeið fyrir bogfimi og fór einn frá Tindastól Indriði R. Grétarsson.

Ársreikningur almenningsdeildar - bogfimi

Rekstrarreikningur ársins 2014

| | 2014 | 2013 |
|------------------------------------|----------------|----------|
| Tekjur | | |
| Keppnisgjöld | 6.000 | 0 |
| Styrkir o.fl. v. Unglingalandsmóts | 150.000 | 0 |
| Tekjur samtals | 156.000 | 0 |
| Rekstrargjöld | | |
| Keppnisgjöld | 6.000 | 0 |
| Rekstrargjöld samtals | 6.000 | |
| Fjármagnsgjöld | | |
| Vaxtatekjur | 512 | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 512 | 0 |
| Hagnaður ársins | 150.512 | 0 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|------------------------------------|----------------|------------|
| Eignir | | |
| Veltufjármunir: | | |
| Bankareikningur | 150.512 | 0 |
| Veltufjármunir alls | 150.512 | 0 |
| Eignir alls | 150.512 | 0 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Eigið fé: | | |
| Eigið fé í upphafi árs | 0 | 0 |
| Hagnaður ársins | 150.512 | 0 |
| Eigið fé í lok árs | 150.512 | 0 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 150.512 | 0 |

Skýrsla Almenningsdeildar - Júdó

Þann 17. Janúar 2014 hittust fimm áhugasamir júdókappar og ræddu möguleika á að endurreisa júdódeildina. Kominn var nýr maður í bæinn og frést hafði að hann kynni júdó og væri meira að segja nokkuð sleipur í því. Ákveðið var að reyna að nýta krafta hans til að þjálfa mannskapinn, sem hafði ekki æft síðan síðasti þjálfari fór úr bænum fyrir 10 árum síðan. Einar Örn Hreinsson tók að sér að þjálfa ásamt Jakobi Smára Pálmasyni og hófust æfingar í Varmahlíð í kjölfarið á því og voru að mæta 6-8 manns að meðaltali í byrjun.

Mikill metnaður var í hópnum og var ákveðið að safna fyrir júdógólfi og á vordögum var ákveðið að keyptur yrði fullkominn júdókeppnisvöllur og var takmarkinu náð um haustið þegar 196 dýnur voru keyptar frá Belgíu og hægt var að raða upp 14 x 14 m velli. Leitað var til þeirra framleiðenda sem viðurkenndir voru af alþjóða júdósambandinu og báru Belgar af í því tilboði og heildarkostnaður var um 1,5 mkr. Þórsskip tóku að sér alla umsýslu við innflutninginn af dýnum og gáfu flutninginn. Einnig gaf Vörumiðlun flutninginn innanlands.

Félagarnir komust að því að mikill velvilji var í garð júdóíþróttarinnar í samfélaginu sem gerði þetta allt að veruleika á svo skömmum tíma sem raun bar vitni.

Nú eru reglulegar æfingar tvisvar í viku þar sem um 20 krakkar á milli 6-11 ára mæta og um 15 manns í eldri hóp. Um jólin var haldið jólamót júdódeildarinnar þar sem 18 keppendur mættu ásamt fjölmörgum foreldrum. Framundan eru samæfingar með Blönduósingum ásamt Norðurlandsmóti í maí.

Þess ber að geta að Einar Örn náði í svarta beltið á tímabilinu og hefur ásamt Jakobi Smára og Magnúsi Hinrikssyni staðið sig með þryði við þjálfun júdófélaganna og eru þeim miklar þakkir færðar fyrir það.

Ásta Birna

Júdódeild Tindastóls.

Ársreikningur almenningsdeildar - júdó

Rekstrarreikningur ársins 2014

| | 2014 | 2013 |
|---------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Tekjur | | |
| Styrkir | 1.684.000 | 0 |
| Gallar | 178.000 | 0 |
| Tekjur samtals | 1.862.000 | 0 |
| Gjöld | | |
| Dýnur | 1.042.152 | 0 |
| Auglýsingar | 6.759 | 0 |
| VSK/tollar/flutn. á dýnum | 445.054 | 0 |
| Júdógallar | 182.823 | 0 |
| Merkingar á göllum | 34.500 | 0 |
| Tollur af göllum | 71.909 | 0 |
| Bankakostnaður | 12.245 | 0 |
| Gjöld samtals | 1.795.442 | |
| Fjármagnsgjöld | | |
| Vaxtatekjur | 6.806 | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 6.806 | 0 |
| Hagnaður ársins | 73.364 | 0 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2014 | | |
| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
| Eignir | | |
| Veltufjármunir: | | |
| Bankareikningur | 73.364 | 0 |
| Veltufjármunir alls | 73.364 | 0 |
| Eignir alls | 73.364 | 0 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Eigið fé: | | |
| Eigið fé í upphafi árs | 0 | 0 |
| Hagnaður ársins | 73.364 | 0 |
| Eigið fé í lok árs | 73.364 | 0 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 73.364 | 0 |

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Númer í sjóðaskrá 1246

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkrókskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Á árinu 2014 var úthlutað þremur styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhenti styrkina á aðalfundi Tindastóls 13. mars 2013.

Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

1. Knattspyrnudeild, vegna þriðja flokks karla fékk styrk að upphæð kr. 100.000 til reglubundinnar keppnisferðar um sumarið.
2. Körfuknattleiksdeild fékk styrki vegna Péturs Rúnars Birgissonar og Hafdísar Lindar Sigurjónsdóttur vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls að upphæð kr. 30.000 hver.
3. Körfuknattleiks- og frjálsíþróttadeild vegna Þórönnu Óskar Sigurjónsdóttur fengu styrk að upphæð kr. 30.000
4. Skíðadeild fékk styrk vegna Birnu Maríu Sigurðardóttur að upphæð kr. 30.000
5. Frjálsíþróttadeild fékk styrk vegna þátttöku á Gautaborgarleikunum að upphæð kr. 75.000

Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2014

| | 2014 | 2013 |
|-----------------------------------------------|-----------------|-----------------|
| Tekjur | | |
| Styrkir og gjafir | 27.600 | 0 |
| Tekjur samtals | 27.600 | 0 |
| Gjöld | | |
| Styrkveitingar skv. skipulagsskrá | 295.000 | 200.000 |
| Annar kostnaður | 400 | 0 |
| Gjöld samtals | 295.400 | 200.000 |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -267.800 | -200.000 |
| Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 122.122 | 131.150 |
| Fjármagnstekjuskattur | -24.423 | -26.229 |
| Fjármagnsliðir samtals | 97.699 | 104.921 |
| Niðurstaða rekstrar | -170.101 | -95.079 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| | 31.12.2014 | 31.12.2013 |
|---------------------------------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | |
| Veltufjármunir | | |
| Bankainnstæður og sjóðir | 2.848.075 | 3.018.176 |
| Veltufjármunir samtals | 2.848.075 | 3.018.176 |
| Eignir alls | 2.848.075 | 3.018.176 |
| Skuldir og eigið fé | | |
| Eigið fé | | |
| Eigið fé í ársbyrjun | 3.018.176 | 3.113.255 |
| Tekjur umfram gjöld | -170.101 | -95.079 |
| Eigið fé samtals | 2.848.075 | 3.018.176 |
| Skuldir og eigið fé alls | 2.848.075 | 3.018.176 |